

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1983*  
*komudagur 7.3.2003*



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Alþingi  
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari  
150 Reykjavík

Vonarstræti 4 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566  
netfang: postur@umh.stjr.is

Reykjavík, 5. mars 2003  
Tilvísun: UMH02110050/00121  
SS/--

Vísað er til þingsályktunar um úttekt á óhreyfðum skipum í höfnum og skipsflökum og kostnaði við hreinsun, sem umhverfisnefnd Alþingis sendi ráðuneytinu til umsagnar með bréfi, 7. nóvember sl.

Umhverfísráðuneytið er þeirra skoðunar að hér sé um að ræða málefni sem þarfnist úrlausnar. Ráðuneytið bendir á að 1999 skilaði starfshópur um úreldingu, niðurrif og förgun skipa, sem skipaður var af umhverfísráðherra, af sér tillögum til úrbóta en í starfshópnum áttu sæti, auk fulltrúa umhverfísráðuneytisins, fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins, samgönguráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins. Í skýrslu sem starfshópurinn tók saman var lagt mat á umfang vandans og ásamt skýrslunni og þeirri könnun sem Hafnasamband sveitarfélaga hefur látið framkvæma, og vísað er til í þingsályktunartillögunni, hefur þegar farið fram úttekt á vandamálinu.

Ráðuneytið lítur svo á að nái frumvarp, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, um verndun hafs og stranda, fram að ganga, eigi að vera girt fyrir að þetta vandamál vaxi en í 20. gr. frumvarpsins er ákvæði er litur að strönduðum skipum. Hins vegar er ljóst að í frumvarpinu er ekki tekist á við þann vanda sem þegar er fyrir hendi. Til þess að takast á við þann vanda telur ráðuneytið eðlilegt að umhverfísráðuneyti, Umhverfisstofnun, sjávarútvegsráðuneyti og samgönguráðuneytið verði falið að gera áætlun um hvernig brugðist skuli við og að tryggt verði fé til að takast á við vandann á næstu árum í samræmi við tillögur þessara aðila.

Ráðuneytið er og þeirrar skoðunar að kanna þurfi hvort ekki sé hægt að binda tryggingar og úreldingu skipa skilyrðum um að þau verði tekin til endurvinnslu þegar notkun þeirra lýkur, sbr. tillögur áður nefnds starfshóps, en á þann hátt væri hægt að koma upp stjórnþæki sem auðveldaði framkvæmd þessara mála í framtíðinni. Ráðuneytið teldi eðlilegt að þeir aðilar sem áður eru nefndir fengju það verkefni og gerðu tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar í þessa veru en þessi þáttur tengist m.a. frumvarpi til laga um meðhöndlun úrgangs sem er til umfjöllunar á Alþingi sem stendur en samkvæmt frumvarpinu nær hugtakið úrgangur yfir hvers kyns efni eða hluti sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt. Í því tilviki skal sérstaklega bent á 10. og 13. gr. frumvarpsins.

Að gefnu tilefni lýsir ráðuneytið þeirri skoðun sinni að ekki eigi að heimila að skipsflökum verði sökkt og bendir á að það hefur átt í viðræðum við Hringrás hf. um niðurrif skipa en fyrirtækið hefur rúmlega hálfra aldar reynslu af endurvinnslu og sölu brotamálma. Það er mat fyrirtækisins að kostnaður við endurnýtingu skipa sé álíka og að sökkva skipum þar sem verulegur hluti kostnaðar liggur í því að hreinsa skip og búnað af mengandi efnum og ef skipsflökum er sökkt kemur ekki til baka það verð sem fæst fyrir brotamálminn.

F. h. r.

